

Svar

fjármála- og efnahagsráðherra við fyrirspurn frá Sigurjóni Þórðarsyni um eftirlit stjórnvalda með viðskiptabönkum.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hversu oft hafa viðskiptabankar þurft að sæta viðurlögum á árunum 2009–2023?*
2. *Hvaða viðurlögum hafa viðskiptabankar þurft að sæta á umræddu tímabili?*
3. *Hve mörg ofangreindra mála eru vegna brota gegn hagsmunum viðskiptavina, sbr. 1. gr. laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002?*
4. *Hve háar voru sektir í málum vegna brota gegn hagsmunum viðskiptavina?*
5. *Hve háar stjórnvaldssektir hafa viðskiptabankar þurft að greiða á umræddu tímabili?*
Svar óskast sundurliðað eftir lagagrundvelli stjórnvaldssektar og viðskiptabönkum.

Fjármálaeftirlitið hefur á árunum 2009–2023 sextán sinnum lagt stjórnvaldssektir á viðskiptabanka vegna brota gegn lögum. Sektirnar voru á bilinu 500.000 til 1.160.000.000 kr. Fjármálaeftirlitið birti í öllum tilvikunum tilkynningu um niðurstöðu málsins á vef sínum til samræmis við 9. gr. a laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, nr. 87/1998, og gagnsæisstefnu stofnunarinnar.

Brotin vörðuð við lög um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002 (fftl.), lög um verðbréfa- viðskipti, nr. 108/2007 (vvf.), og lög um markaði fyrir fjármálagerninga, nr. 115/2021 (mffl.). Ekkert málanna varðaði brot gegn 1. gr. ffl.

Í eftirfarandi töflu eru nánari upplýsingar um hverja stjórnvaldssekt.

Viðskiptabanki	Ártal	Tegund	Lagaákvæði sem brotið var	Sektarheimild	Sektarfjárhæð
Arion banki hf.	2015	Ákvörðun	Þágildandi 1. tölul. 1. mgr. 123. gr. vvf.	Þágildandi 141. gr. vvf.	30.000.000 kr.
Arion banki hf.	2019	Sátt	Þágildandi 2. mgr. 8. gr. vvf.	Þágildandi 141. gr. vvf.	21.000.000 kr.
Arion banki hf.	2020	Ákvörðun	Þágildandi 1. mgr. 122. gr. vvf.	Þágildandi 141. gr. vvf.	87.700.000 kr.
Arion banki hf.	2022	Sátt	1. mgr. 58. gr. ffl.	110. gr. ffl.	5.500.000 kr.
Glitnir banki hf.	2009	Ákvörðun	Þágildandi 126. og 127. gr. vvf.	Þágildandi 141. gr. vvf.	4.000.000 kr.
Íslandsbanki hf.	2016	Sátt	Þágildandi 1. mgr. 18. gr. vvf.	Þágildandi 141. gr. vvf.	7.000.000 kr.
Íslandsbanki hf.	2022	Ákvörðun	Þágildandi 1. mgr. 30. gr. ffl.	Þágildandi 110. gr. ffl.	500.000 kr.

Viðskiptabanki	Ártal	Tegund	Lagaákvæði sem brotið var	Sektarheimild	Sektarfjárhæð
Íslandsbanki hf.	2023	Sátt	4. og 5. mgr. 10. gr. mffl., 1. og 2. mgr. 21. gr. mffl., 1. og 2. másl. 2. mgr. 23. gr. mffl., 1. mgr. 32. gr. mffl., 1. mgr. 33. gr. mffl., 1. mgr. 34. gr. mffl., 1. mgr. 54. gr. mffl., a-liður 3. mgr. 34. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2017/565, sbr. 3. og 32. gr. mffl., 2. mgr. 38. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2017/565, sbr. 3. og 32. gr. mffl., 2. mgr. 41. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2017/565, sbr. 3. og 32. gr. mffl. og 6. mgr. 76. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2017/565, sbr. 3. og 23. gr. mffl., þágildandi 1. másl. 1. mgr. 17. gr. ffl. og 1. og 3. mgr. 54. gr. ffl., sbr. 3. mgr. 10. gr. mffl.	125. gr. mffl. og 110. gr. ffl.	1.160.000.000 kr.
Landsbankinn hf.	2017	Sátt	Þágildandi 86. gr. vvl.	Þágildandi 141. gr. vvl.	11.800.000 kr.
Landsbankinn hf.	2019	Sátt	Þágildandi 1. mgr. 78. gr. og 1. mgr. 86. gr. vvl.	Þágildandi 141. gr. vvl.	15.000.000 kr.
Kvika banki hf.	2017	Sátt	1. mgr. 19. gr. ffl. og þágildandi 4. mgr. 14. gr. vvl.	110. gr. ffl. og þágildandi 141. gr. vvl.	2.300.000 kr.
Kvika banki hf.	2017	Sátt	57. gr. a ffl.	110. gr. ffl.	37.500.000 kr.
Kvika banki hf.	2019	Sátt	2. mgr. 21. gr. ffl.	110. gr. ffl.	3.000.000 kr.
Kvika banki hf.	2021	Sátt	Þágildandi 2. mgr. 8. gr., 1. mgr. 14. gr., 1. mgr. 15. gr. og 1. mgr. 21. gr. vvl.	Þágildandi 141. gr. vvl.	18.000.000 kr.
MP banki hf.	2013	Sátt	Þágildandi 86. gr. vvl.	Þágildandi 141. gr. vvl.	1.500.000 kr.
EA fjárfestingarfélag hf. (áður MP banki hf.)	2011	Ákvörðun	Þágildandi 30. gr. ffl.	Þágildandi 110. gr. ffl.	15.000.000 kr. Hæstiréttur staðfesti 16. maí 2012 þá niðurstöðu Héraðsdóms Reykjavíkur frá 24. október 2011 að fella úr gildi ákvörðun um stjórnvaldssekt.